


Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2021

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Svæði HNV er víðfeðmt en það nær frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og alla leið suður á Hveravelli. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa með sér nána samvinnu og farið er í sameiginleg verkefni og eftirlit á milli starfssvæða. Á árinu 2021 var t.d. farið í fjölmargar sameiginlegar eftirlitsferðir með Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er annars vegar að sinna eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi og hins vegar opinber stjórnýsla sem felur í sér lögbundnar umsagnir, m.a. um leyfisveitingar sýslumanna og skipulagsyfirvalda. Má þar nefna að starfsleyfi eru auglýst og óskað athugasemda almennings skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 og til stendur að breyta reglugerð um hollustuhætti með sama hátt, þ.e. að gera kröfu um almenna kynningu á drögum á starfsleyfisskilyrðum. Búast má fastlega við að breytingar í þessa átt muni auka á skirfstofuhald og kostnað eftirlitsins.



Mengunarvarnir á Hofsósi.

I. Almennt um einföldun og samræmingu eftirlits

Líkt og í ársskýrslum fyrri ára er fjallað um breytingar á regluverki sem snúa að heilbrigðiseftirliti í nafni einföldunar og samræmingar.

Í stuttu máli hafa flestar þær breytingar sem gerðar hafa verið á síðustu árum með framangreindri forskrift til einföldunar regluverks snúist upp í andhverfu sína og á það einkum við breytingar sem snúa að minni háttar starfsemi. Ein þeirra var að starfsleyfi með fiskeldi á landinu yrðu á einni hendi og eftirlitið með minni háttar fiskeldisfyrirtækjum var því flutt frá heilbrigðiseftirlitinu til ríkisstofnana. Við það tífaldaðist kostnaður og umbúnaður um leyfisveitingar fyrir eitthvað sem lítið sem ekkert var en það var ekki fyrir en á árinu 2021, eða sjö árum seinna, sem komið var til móts við litlu framleiðendurna í greininni.

Fyrir liggja drög að breytingum á lögum um rafrettur sem fela í sér að svipaðar takmarkanir verði settar á ávanabindandi nikótínvörur og rafrettur. Í sjálfu sér ber að fagna því, þar sem nikótínvörum hefur verið haldið að ungmennum. Umræddar takmarkanir eru efnislega þær sömu og gilda um sölu, neyslu og markaðssetningu á tóbaki.

Eftirlit með tóbaki lýtur eftirliti heilbrigðiseftirlitsins í stað þess að eftirlitið sé með sama hætti með nikótínvörum og með tóbaki, þ.e. hjá heilbrigðiseftirlitinu, þá er það falið tveimur ríkisstofnunum. Það er gert þrátt fyrir að heilbrigðiseftirlitið fari reglulega á sölustaði nikótínvara og alla þá staði sem lögin ná til í öðrum erindagjörðum.

Þessi verkefnaskipting hefur valdið misskilningi, því að heilbrigðiseftirlitið fær fjölda ábendinga frá almenningi og jafnvel lögreglu um að verið sé að selja ungmennum rafrettur og nikótínvörur, en þær ábendingar eiga væntanlega heima hjá Mannvirkjastofnun og Neytendastofu.

Skráningarreglugerð og miðstýring

Um nokkurra missera skeið hafa legið fyrir drög að skráningarreglugerð til einföldunar á framangreindu leyfisveitingaferli fyrir mengandi fyrirtæki og nýlega voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda drög að nýrri hollustuháttareglugerð. Í stuttu máli eru umrædd drög alls ekki til einföldunar þar sem gerð verður krafa um að auglýsa þurfi starfsleyfisskilyrði fyrir öll fyrirtæki og stofnanir og gefa frest til athugasemda í fjórar vikur. Einnig skal leita eftir umsögnum skipulagsyfirvalda og þetta á að gilda fyrir snyrtistofur, reiðhallir, gistihús, skóla o.fl. o.fl. Á Norðurlandi vestra eru á skrá um 700 aðilar með starfsleyfi sem þurfa reglulega að endurnýja starfsleyfin með auglýsingum og leita eftir umsögnum. Fyrirséð er að flóknari ferlar munu kosta aukið skrifstofuhald sem og þær breytingar sem eiga að verða til einföldunar, sem sagt mun það leiða til stjórnásluflækja og jafnvel ruglanda að hluti fyrirtækja verði skráningarskyldur hjá Umhverfisstofnun. Sem dæmi má taka að ef gististaður yrði gerður skráningarskyldur hjá Umhverfisstofnun yrði hann jafnframt starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðisnefnd ef boðið yrði upp á veitingar, sbr. lög um matvæli, nr. 93/1995. Flestir þessir staðir bjóða upp á morgunverð sem lendir þá á gráu svæði hvað leyfisveitingar varðar.

Það virðist skorta verulega á að horft sé á regluverkið út frá smærri rekstraraðilum og fyrirtækjum í dreifbýlinu. Áður en regluverkinu er breytt þyrfti að setja upp skrifstofuæfingu og kanna hvernig ferlið muni líta út frá hinum ýmsu notendum.

Ekki eru alltaf skörp skil á milli fyrirtækjaflokka. Þekkt dæmi er um að stórmarkaður reki í sama húsnaðinu dekkjaverkstæði og veitingasölu. Veitingasala getur verið hluta úr ári á minni hótélum eða verið með takmörkuðu sniði þannig að skilin á milli flokka eru ekki ávallt skýr. Hið sama á við um heimagistingu og minni gististaði.

Besta leiðin til einföldunar er að gefa heilbrigðisnefndum meiri sveigjanleika, t.d. að þeim verði heimilt að veita tímabundinni starfsemi undanþágu frá kynningarferli sem bundið er í reglugerð nr. 550/2018, í stað þess að verið sé að senda mál sem snúa m.a. að flugeldasýningum, niðurrífi húsa og áramótabrennum til afgreiðslu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Nánast er útilokað að ágætir sérfræðingar sem starfa hjá fyrrgreindum aðilum geti sett sig með hraði inn í það hvort niðurrif á fjárhúsi í Húnavatnshreppi þurfi að fara í almenna kynningu í fjórar vikur eða hvort veita megi undanþágu.

Hið sama á við um að gefa heilbrigðisnefndum sveigjanleika um umbúnað og kynningarferli sem er að finna í reglugerð nr. 550/2018 þannig að ekki sé verið að auglýsa starfsleyfisskilyrði og kalla eftir álit skipulagsfulltrúa fyrir gamalgróin smáfyrirtæki sem eru að endurnýja starfsleyfi og eru staðsett á skipulögðu atvinnusvæði. Skynsamlegra væri að setja viðmið um hvaða starfsemi eigi að auglýsa, t.d. fiskþurrkanir, bensínstöðvar og nýja starfsemi. Þó eru staðsetning og skipulagsmál ráðandi þáttur varðandi áhrif mengunar á heilnæm lífsskilyrði. Víða þarf að endurskoða núverandi aðalskipulag og er mikilvægt að það sé unnið heilrænt. Víða er komin starfsemi inn á einhvers konar blandaða byggð þar sem léttur iðnaður er í götuhæð og íbúðir á efri hæðum. Þá vantar inn skilgreiningu á því hvað léttur iðnaður er.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa hingað til lagt áherslu á miðstýringu og að nánast sama ferli sé um leyfisveitingu fyrir meiri háttar og minni háttar starfsemi. Þessi áhersla SA á starfshætti heilbrigðiseftirlitsins, einkum er snýr að leyfisveitingum minni fyrirtækja, hefur komið á óvart þar sem flestir þeir sem reka þá starfsemi sem heilbrigðisnefndir þjóna eru ekki meðlimir í SA. Það væri fróðlegt að hlusta eftir sjónarmiðum Atvinnufélagsins sem einkum er ætlað að þjóna minni fyrirtækjum hvað varðar samræmingu og leyfisveitingar.

Í nafni einföldunar var einn og sami starfsleyfisferill settur upp fyrir mengandi starfsemi, skv. reglugerð nr. 550/2018, fyrir stóriðju og bifreiðaverkstæði inni á skipulögðu athafnasvæði. Þetta verklag hefur þvælst fyrir útgáfu starfsleyfa fyrir minni háttar og tímabundinni starfsemi, á borð við

áramótabrennur og flugeldasýningar. Um síðustu áramót voru t.d. veittar fjölmargar undanþágur frá lögbundnu starfsleyfi hjá umhverfisráðherra fyrir flugeldasýningar á landinu, á Norðurlandi vestra voru þær níu. Ástæðan fyrir þessum mikla fjölda var að umsækjendur sóttu ekki um starfsleyfi það tímanlega, svo hægt væri að uppfylla 4 vikna kynningartíma, á starfsleyfisskilyrðum. Áður en Umhverfisráðuneytið getur veitt undanþágu er gerð krafa um umsögn Heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar.

Fráveita

Á árinu 2013 var hleypt af stokkunum vinnu við endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og átti sú vinna að ganga hratt fyrir sig þar sem brýnt var að skýra ýmis ákvæði reglugerðarinnar. Endurskoðuninni var lokið fyrir fjórum árum, en þrátt fyrir það þá hefur ný reglugerð ekki verið gefin út. Það er bagalegt fyrir heilbrigðiseftirlitið sem á að framfylgja reglum og ekki síður fyrir sveitarfélögin sem eiga að uppfylla kröfurnar ef óvissa ríkir um hverjar kröfurnar verða.

Sú skýring sem nefnd hefur verið til sögunnar sem helsta ástæða frestunar á útgáfu nýrrar reglugerðar frá því að endurskoðunarvinnu lauk árið 2018 er að ekki hafa verið teknar með í reikninginn aðgerðir gegn mengun af völdum örplasts. Íslenskar rannsóknir Biopol frá árinu 2019 sýna að uppruna örplasts hér við land má að langstærstum hluta rekja til bílaumferðar. Það eru því vart málefnaleg rök að láta útgáfu fráveitureglugerðar bíða vegna þessa þáttar, a.m.k. ekki til heimilis- og iðnaðarskolps.

Olíumengun

Mengunarslysið á Hofsósi sem varð á árinu 2019, þar sem þúsundir lítra af bensíni láku út í umhverfið, kallar annars vegar á endurskoðun á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017 og hins vegar á lög um umhverfisábyrgð.

Sú breyting var gerð á reglugerðinni á árinu 2017, nr. 884, frá eldri reglugerð nr. 35/1994, að felld voru niður aldursmörk á niðurgröfnum tönkum. Samkvæmt nýju reglugerðinni mega olíutankar liggja til eilífdar í jörðu að þeim skilyrðum uppfylltum að þeir séu þykktarmældir á 10 ára fresti. Á grundvelli gömlu reglugerðarinnar var hægt að láta tanka vera að hámarki 30 ár í jörðu. Leki tankurinn stóðst með glans þykktarmælingar sem gerðar voru á honum, en tankurinn var orðinn 31 árs.

Hjá heilbrigðiseftirlitinu er til afgreiðslu ósk um endurnýjun á starfsleyfi fyrir niðurgrafna olíutanka sem eru búnir að vera óhreyfðir í jörðu í 32 ár. Ef fullnægjandi gögn berast um þykktarmælingu liggur beinast við skv. gildandi reglum að framlengja leyfi til notkunar þeirra þar til þeir verða orðnir hálfimmugir, sem er umdeilanlegt í ljósi þeirra leka sem hafa komið upp á sambærilegum tönkum á Norðurlandi vestra á liðnum árum. Gera þarf þá kröfu að bæta hámarksaldri við í reglugerð og annað hvort hætta þykktarmælingum sem ekki eru nógu nákvæmar eða þetta mælinetið.

Það er nauðsynlegt að gera upp og læra af umhverfismengunarmálinu á Hofsósi en það er ljóst að verulegir misbrestir urðu á starfrækslu mengunarvarna N1. Í fyrsta lagi brást birgðabókhald N1 en ef það hefði verið í lagi hefði mátt staðfesta strax að mikill munur var á því magni sem fyllt var á tanka og því magni af bensíni sem selt var á stöðinni. Í öðru lagi brást þykktarmæling tanka sem fór fram nokkrum mánuðum áður en mikill leki var staðfestur. Í þriðja lagi brást lekaprófun Olíudreifingar í desember 2019 á tanki með þrýstilofti. Prófunin gaf til kynna að tankur væri í fullkomnu lagi og því þarf að spyrja gagnrýninnu spurninga þar. Starfsmenn Olíudreifingar voru svo sannfærðir um að ekki læki að þeir bættu á miklu magni af bensíni á tankinn og töldu að mismunahitastig lofts og bensíns gerði það að verkum að alltaf væri hægt að bæta á.

Það kann að hljóma undarlega en engu að síður er staðan sú í ársbyrjun 2022 að opinberar eftirlitsstofnanir með umhverfismálum hafa afar takmarkaðar heimildir til þess að krefjast

lágmarksupplýsinga um flutning mengunarefna sem eru svo hættuleg að þau geta valdið mikilli mengun á lífríki Íslands og raskað lífsskilyrðum fólks.

Það var a.m.k. niðurstaða í úrskurði umhverfis- og auðlindamála sem kveðinn var upp árið 2020 að heilbrigðisnefnd hefði ekki heimild til þess að krefjast upplýsinganna og því síður heimild til að áminna Olíudreifingu í kjölfarið þar sem dreifing olíu væri ekki starfsleyfisskyld með skýrum hætti þó að starfsemin væri eftirlitsskyld skv. 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017. Í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar um heimildir heilbrigðiseftirlitsins kom fram að einungis væri heimilt að leiðbeina og fræða þannig að í raun væri ekki um eiginlegt eftirlit að ræða. Lagt var fram frumvarp til þess að bæta úr þessum ágalla á vordögum 2021, en þær breytingar náðu ekki fram að ganga.

Ætla má að það verði forgangsverkefni að tryggja úrbætur á lagaumhverfinu þannig að til staðar verði heimildir til lágmarkseftirfylgni hjá yfirvöldum umhverfismála með flutningi á olíu-, bryggju- og neyslutönkum.

II. Heilbrigðisnefnd og rekstur

Í 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er ákvæði um heilbrigðisnefndir:

„Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu.“

Á árinu 2021 voru haldnir átta stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Samþykkt voru 86 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Skipan heilbrigðisnefndar á árinu 2021:

Lee Ann Maginnis, formaður.

Ína Björk Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, varaformaður.

Haraldur Þór Jóhannsson, Skagafirði.

Margrét Eva Ásgeirsdóttir, Skagafirði.

Nanna Árnadóttir, Fjallabyggð.

Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Farið var í 796 skráð eftirlit á árinu 2021. Jafnframt sá heilbrigðiseftirlitið um vöktun með urðunarstöðum í lokunarferli, auk urðunarstaðar sem er í notkun í Stekkjarvík. Auk framangreindra þátta sinnti eftirlitið kvörtunum af ýmsu tagi. Skráðar voru um 75 kvartanir en margar kvartanir bárust vegna eins fyrirtækis, um 45 kvartanir komu vegna lyktar frá fiskþurrkun, en aðrar kvartanir voru af ýmsu tagi, m.a.:

- a) Meindýravarnir vegna silfurskotta, veggjalúsa og músa.
- b) Ástand íbúða; mygla í húsnæði og lélegt ástand í híbýlum fólks sem stendur höllum fæti.
- c) Rusl og óþrifnaður á lóðum, m.a. númerslausir bílar.
- d) Dýrahald; kettir, hundar og rollur inni á aflögðum urðunarstað.
- e) Matvæli; heimasala matvæla, útrunnar vörur til sölu, ólöglegar heilsufullyrðingar á fæðubótarefnum o.fl.
- f) Fita og olía; fita berst gegnum frárennsli yfir í önnur hús og olíusmit í umhverfi.
- g) Hávaði frá flutningabílum og frystigámum.
- h) Þrif, m.a. á gististöðum.
- i) Lykt frá rækjugámum og fiskþurrkun.
- j) Sala á nikótínþúfum og rafrettum.
- k) Athugasemdir vegna starfsleyfa í útgáfuferli.

Niðurstaða reksturs heilbrigðiseftirlitsins var jákvæður upp á kr. 2.825.246 á árinu 2021.

Stafsmenn eftirlitsins á árinu 2021 voru; Helga Gígja Sigurðardóttir sem sér um skrifstofuhald og heilbrigisfulltrúarnir Sigríður Hjaltadóttir, Sigurjón Þórðarson og í afleysingum Þorsteinn Þorvarðarson.

III. Mengun

Umræða um umhverfismál er fólki hugleikin og sitt sýnist hverjum, eins og búast má við þegar fjallað er um fjölbreytta málaflökka sem snerta flest það sem mannskepnan tekur sér fyrir hendur. Þegar umræða um umhverfismál snertir heilbrigðiseftirlit er of oft horft á íþyngjandi atburði, s.s. álögur, dagsektir, kröfur, kvóta eða tafir. Þessi tæki eru notuð til þess að ná fram árangri af eftirlitinu. Betra er að leggja áherslu á velheppnaðar aðgerðir í umhverfismálum sem skila venjulega fyrirtækjunum fjárhagslegum ágóða og betri ímynd viðskiptavina. Hið sama gildir um þjóðarbúið því að mengunarvarnir fela gjarnan í sér bættu nýtni á orku og hráefnum sem leiðir til minni úrgangslausunar og minni orkukostnaðar.

Þeir þættir sem snúa að mengunareftirliti heilbrigðiseftirlitsins gengu almennt vel á árinu 2021, en afgreiðsla eins máls var kærð til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Það sneri að leyfisveitingu fyrir verkstæðisaðstöðu sem er í næsta nágrenni við íbúðarsvæði. Málið er skólabókardæmi um tengsl skipulags- og umhverfismála og hve mikilvægt það er að skýr aðgreining sé á atvinnu- og íbúðarsvæðum þannig að íbúar verði ekki fyrir ónæði vegna hávaða- og sjónmengunar.

Vöktun á Hofsósi fór fram mánaðarlega þegar Verkís tók mælingar á TVOC-efnum undir eftirliti HNV. Mæligildi sýna ekki stöðuga lækkun heldur rokka tölur upp og niður. eru áhrifabreytur margar og má þar t.d. nefna loftþrýsting, lofthita, hæð grunnvatns og rakastig.

Fjöldi kvartana barst HNV síðsumars 2021 vegna lyktar frá heitloftspurrkun í Ólafsfirði. Rekstur heitloftspurrkana á fiski hefur víða verið uppspretta óánægju meðal náganna vítt og breitt um landið og má nefna mál frá Suðunesjum, Akranesi, Dalvík og Þorlákshöfn. Staðsetning fyrirtækjanna virðist ráða meiru um fjölda kvartana en mengunarvarnabúnaður og rekstur fyrirtækjanna. Heilbrigðiseftirlitinu hefur t.d. aldrei borist kvörtun um lykt frá fiskþurrkuninni á Sauðárkróki. Með öðrum orðum eru staðsetning og skipulagsmál ráðandi þáttur varðandi áhrif mengunar á heilnæm lífsskilyrði. Í Ólafsfirði hefur verið settur upp bættur mengunarvarnabúnaður og þar að auki hefur verið ákveðið að starfrækja ekki fyrirtækið yfir hásumarið þegar skilyrði til þurrkunar eru hve erfiðust.

Frá sjónarhóli heilbrigðiseftirlitsins er brýnt að endurskoða reglur sem gilda um fráveitur, olíuefni og heimildir til afskipta af starfsemi sem er eftirlitsskyld en ekki skráningarskyld. Má nefna að eftirlit með flutningi olíuefna á landi er nánast eftirlitslaust vegna þess að skýrari ákvæði vantar í lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og reglugerð nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í þeirri reglugerð kemur fram að eftirlit eigi að fara fram en það vantar stoð í lögum.

Hreinsunaráttök og vöktun

Sveitarfélög og einstaklingar hafa í auknum mæli viljað að farið sé í hreinsunaráttak á vorin. Ásýnd þéttbýla og sveitabæja er oft ábótavant. Áttak var unnið í samvinnu við Sveitarfélag Húnaþings vestra, Blönduósarbæjar og Skagastrandar vorið 2021, en starfsmenn sveitarfélaganna hafa séð um að fjarlægja bíla, járnarusl o.fl. sem heilbrigðisfulltrúar hafa límt miða á í tvígang, annan með varnaðarorðum og hinn 10-14 dögum seinna með upplýsingum um ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Mikilvægt er að koma þeim skilaboðum betur út í íslenskt samfélag að hreinsanir á lóðum, númerslausum bílum og járnarusli eru í þágu samfélagsins, þ.e. að halda umhverfi, grunnvatni, lækjum og vötnum, auk byggðarlaga, hreinum og snyrtilegum. Þeirra sjónarmiða gæti of oft að verið sé að ganga á einhvern heilagan rétt manna til að safna verðmætum inn á íbúðarlóðir. Mengun af völdum þungmálma, olíu o.fl. spyr hins vegar hvorki um landamerki né lóðamörk.



„Verðmæti“ á víðavangi.

Umboðsmaður Alþingis gaf út álit á árinu 2020, á þá leið að heilbrigðiseftirlitin gæti vel að stjórnsýslureglum við úrlausn mála sem snúa að fjarlægja númerslausa bíla og lausamuni á almannafæri

Númerslausir bílar sem skildir eru eftir á víðavangi t.d eftir útafkeyrslu eða bilun, geta haft í för með sér talsverða fyrirhöfn og fjárútgjöld fyrir heilbrigðiseftirlitið. Dæmi eru um að bílar sem skráðir eru á erlenda eigendur séu skildir eftir við íbúðarhús eftir að eigendur eru fluttir úr landi. Það getur tekið

tíma að hafa uppi á eigendum sem eru misáhugasamir um að greiða úr málum.

Mikilvægt er að skýra verklag og heimildir til þess að ná upp í kostnað af lóða- og bílahreinsunum. Fram að þessu hefur Vegagerð ríkisins séð um að fjarlægja lausamuni, þar á meðal bifreiðar, af veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar en nú telur Vegagerðin sig ekki hafa heimild til að fjarlægja eigur annarra af veghelgunarsvæði sínu.

Afskipti eftirlitsins af söfnurum á bílhraejum og járnarusli mættu almennt skila meiri árangri. Dæmi eru um að fækkun á bílhraejum og tiltekt á ákveðnum lóðum hafi gengið til baka í verra horf á örfáum árum eða að farartækin flytji á milli lóða. Þetta vandamál er víðar á landinu og velþekktir eru hraukar af bílhraejum á fallegum stöðum. Það er tímabært að Umhverfisstofnun, sveitarfélög og heilbrigðiseftirlitin taki þessi mál til frekari umræðu til að skerpa á reglum og verklagi við að koma málum í betra horf.

Yfirleitt er umgengni á bújörðum og dreifbýli í góðu lagi. Á því eru þó sannarlega undantekningar og sjá má nokkra hrauka af járnarusli og bílhraejum í dreifbýli. Það getur verið snúið að að leysa úr málum og kemur ýmislegt til, m.a. er ekki hlaupið að því að skipuleggja flutning og geymslu á fjölda ónýtra vinnuvéla og bílhraeja, á afgirtu svæði, þar til útséð er hvort eigandi ætli að hirða eða farga þeim munum og tækjum sem hafa verið fjarlægð.

Það væri gott ef hugað væri að samræmdu verklagi og leiðbeiningum um hvernig bregðast skuli við og hvað teljist ásættanlegur frágangur. Fyrir heilbrigðiseftirlitið er beiting dagsekta auðveldasta leiðin þar sem þrífir væru unnin á kostnað eigenda, það kostar að útvega verktaka o.fl.

Vöktun

Hreinsun á bensínlekanum á Hofsósi hefur verið erfið og gasmengun í loftrýmd jarðvegs farið víða þótt ekki mælist mengun í jarðveginum sjálfum. Sett voru loftrör við Suðurbraut 6, 8, 9 og 10 til að kanna hver bensíngasmengunin er. Verkfræðistofan Verkís hefur að beiðni N1 séð um að taka þessar mælingar á TVOC-efnum úr rörunum til að fylgjast með því hvort breytingar verði á menguninni sem er á gasfasa. Þetta hefur verið gert mánaðarlega og hefur heilbrigðisfulltrúi fylgst með þessum mælingum og tekið niður þær tölur sem mælast. Búið er að ákveða að þessi vöktun verði a.m.k. í tvö

ár og lengur ef þarf. Niðurstöður mælinga hafa sýnt að margar breytur hafa áhrif á tölugildi, má þar nefna lofthita, rakastig, loftþrýsting o.fl. Það sýnir að regluleg vöktun í langan tíma er nauðsynleg.

Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um vöktun með urðunarstöðum á þessu ári eins og á umliðnum árum. Tekin eru sýni til greiningar á mengunarvaldandi efnum, mælt hitastig, sýrustig og hæð grunnvatns til að mynda. Vöktun fer fram tvisvar á ári á urðunarstaðnum Stekkjarvík og einu sinni á ári á nokkrum aflögðum urðunarstöðum sem eru í vöktunarferli á svæðinu, þ.e. á Blönduósi, Hvammstanga, Sauðárkróki og Skagaströnd. Hér fer fram talsverð gagnaöflun sem kjörið er að vinna meira með og miðla betur til almennings.

IV. Matvæla- og hollustuháttaeftirlit

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með fjölmörgum veitingahúsum, mötuneytum, félagsheimilum, vatnsveitum og nokkrum matvælaframleiðendum, m.a. bakaríum og framleiðendum fæðubótarefna. Matvælastofnun hefur hins vegar beint eftirlit með fiskvinnslum, sláturhúsum og mjólkurstöðvum. Samstarf við Matvælastofnun á árinu 2021 var árangursríkt og ánægjulegt en haldnir voru fjölmargir fundir, m.a. um breytta verkaskiptingu, þ.e. um hvernig hliðra mætti verkefnum með samningum á milli heilbrigðiseftirlits og Matvælastofnunar. Í umræðunni hefur þá aðallefa verið hliðrað verkefnum frá Matvælastofnun, einkum í dreifbýlinu, með minni háttar starfsemi á borð við litlar fisk- og kjötvinnslur sem framleiða fyrir innanlandsmarkað. Það getur augljóslega verið hagkvæmt og leitt til betri þjónustu við neytendur og fyrirtæki. Það kæmi vel til greina hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra að flytja ákveðin verkefni til Matvælastofnunar en þau snúa þá m.a. að markaðseftirliti með fæðubótarefnum og eftirfylgni með því.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með framleiðslu á fæðubótarefnum fyrir nokkra af stærri fæðubótarframleiðendum á landinu og gengur sá þáttur sem snýr að framleiðsluferlum ágætlega fyrir sig. Öðru máli gegnir um eftirlit með markaðssetningu og einkum heilsufullyrðingum sem notaðar eru í því skyni. Þær eru gjarnan á gráu svæði og talsvert er um að kvartanir berist frá samkeppnisaðilum undan hverjum öðrum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur haft samvinnu við heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum um að markaðssetning á vörunum sé í samræmi við leyfilegar heilsufullyrðingar. Það er ljóst að eftirfylgni mála á þessu sviði er tímafrek, kostnaðarsöm og krefst sérþekkingar á afmörkuðum þáttum. Það kæmi vel til greina að fara yfir það hvort framselja ætti þennan þátt eftirlits til Matvælastofnunar.

Hollustuháttaeftirlit snýr að þrifum, öryggis- og sóttvörnum með fjölbreyttum fyrirtækjaflokkum á borð við heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur, húðflúrara, leikskóla og sundlaugar svo eitthvað sé nefnt.

Það sem Covid-faraldurinn hefur kennt fólki á sl. tveimur árum er m.a. gildi handþvottar og hreinlætis sem eftirlitinu er ætlað að fylgja eftir.

Heilbrigðiseftirlitið fylgir því eftir að öryggismál séu í góðu lagi í sundlaugum og leikskólum, en það felst m.a. í því að ganga úr skugga um að starfsfólk hafi hlotið þjálfun í skyndihjálpi og að aðalskoðun leiktækja sé framkvæmd.

Mygla í húsnæði er ofarlega í huga fólks þegar upp koma áhyggjur af heilsufari, en áherslan á þennan þátt endurspeglar ekki ástand húsnæðis, sem er almennt gott. Engu að síður eru undantekningar á því og m.a. leiddi skoðun í ljós vorið 2021 að veruleg þörf var á endurbótum á húsnæði Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi og þar sem raki kemst inn í hús.

Heilbrigðiseftirlitið bætti tækjakost sinn til þess að meta ástand húsnæðis en keyptur var rakamælir sem mælir raka í veggjum og loftgæðamælir sem gefur m.a. upplýsingar um koltvísýring og lífræn rokgjörn efni í andrúmslofti.

HNV hefur verið í samvinnu við heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum um eftirlit á að markaðssetning á vörum sé í samræmi við samræmdar leyfilegar næringar- og heilsufullyrðingar innan EB og ESB. Fjöldi álitamála hafa komið upp á Íslandi er snúa að auglýsingum kynningarefni fæðubótarefna. Samkeppnisaðilar hafa verið drjúgir í að koma með ábendingar um að keppinautar á markaði séu að fara á svig við reglurnar. Það er ljóst að mismunandi skilningur er milli framleiðenda, innflytjenda og eftirlitsaðila á þessum heilsufullyrðingum. Samstarfshópur heilbrigðiseftirlita vann að sameiginlegu formi að útsendu bréfi fyrir heilbrigðiseftirlitin þegar gerð er athugasemd við næringar- og heilsufullyrðingar.

Þegar HNV gerði athugasemdir við næringar- og heilsufullyrðingar sem einn framleiðandi fæðubótarefna kynnti í auglýsingablaði, kærði framleiðandinn þær athugasemdir til æðra stjórnvalds þ.e. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneysisins

Niðurstaða kærumálsins var á þann veg að bréf heilbrigðisfulltrúa hefði ekki fylgt málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Heilbrigðiseftirlitið hefði farið of bratt í málið þ.e. lagt bann við notkun heilsufullyrðinga áður en framleiðenda hefði verið gefinn kostur á að koma fram með andmæli.

Heilbrigðisnefnd lagði til við Matvælastofnun að haldinn yrði kynningarfundur fyrir innflytjendur og framleiðendur fæðubótarefna um leyfilegar næringar- og heilsufullyrðingar og farið yfir hvar mörkin liggja á milli þess sem er leyfilegt og óleyfilegt, til þess að reyna að fækka kærumálum.

Lokaorð

Í lokin er rétt að þakka rekstraraðilum fyrirtækja á Norðurlandi vestra fyrir afar góðar móttökur heilbrigðisfulltrúa í eftirliti á árinu 2021.

Sigurjón Þórðarson og Sigríður Hjaltadóttir